Náttúrusaga kattarins.
6 blöð qto.

69.

Náttúru-saga Kattanna.

Elztu sagna, sem skrádar eru um Kettina, verdum vér ad leita langt aftur á tímann, jafnvel til hinna fornu Egypta, sem byggdu pýramídana fordum. Hjá Egyptum var Kötturinn dádur svo og virtur til forna, ad hann var hvorki meira né minna en heilagur talinn: Dæi Köttur edlilegum danda, létu eigendur hans og heimamenn allir sorg sína og söknud í ljós á mjög einkennilegan, en þó hjartnæman hátt: þeir rökudu augnabrýr sínar og smurdu sídan dýrid, hinn framlidna vin sinn og dýrdling, dýrmætum jurtasafa og allskonar kryddudum smyrslum og kórsettu sídan lík hans í venjulegu grafhýsi, sem honum og ádur gengnum kynbrædrum hans ~~vorn~~ var ætlad og sérstaklega var byggt fyrir þá og eftir komendur þeirra. Þannig var búid um Kattasmurdlingana til vardveiglu um margar aldir, á sama veg og med sömu virdingasemi, sem vid var höfd þá er um útfarir ágætustu stórhöfdingja og stórmenna þeirra tíma var ad ræda og sem smurdir vorn og grafhýstir ad vidhöfdum hinum mestu hátída- og helgisidum þjódar sinnar. – Þad mundi víst þykja óþarft og kátlegt „Kattadáleti", ef vér sýndum ærnverdugum Köttum vorra tíma, þvílíkt vegsemdar merki þá er þeir hverfa hedan, en hinn ber þó eigi ad neita, ad mörgum manni þykir svo „vænt um Köttinn sinn", ad hann vildi gjarnan mega sýna honum einhvern vott virdingar sinnar og þakklátsemi ad skilnadi, ef þad eigi stríddi á móti velsæmistilfinningu annara manna, jafnvel þó einkum þeirra, sem ekki þykir vænt um neitt dýr og eigi fá skilid, ad þau eru oss oft og einatt svo nátengd í samlífi vorn vid þau, ad vér ættum miklu erfidara med ad lifa, ef vér værum án þeirra. Sér hverjum þeim, sem þykir vernlega vænt um húsdýr sín og skilur þau rétt, finnur oft sárt til vid skilnadarins vid þau og mun semilega geta skilid þetta dáleti Forn-Egyptanna

á hinn fagra og fimlega dýri, kettinum, sem áreidanlega er bædi vitrari og tryggari vinur vor mannanna, en margur gerir sér grein fyrir. —

Kæmi þad fyrir, ad einhverjum Faraós-þegni yrdi þad á, viljandi eda óviljandi og án leyfis eigandans, ad taka kött af lífi, tók lýdurinn manninn og drap hann. Þad var þessi almenni átrúnadur, dáleiki og dýrkun lýdsins á heilagleika hins eldra, Kattarins, sem Kambyses (persn. Konungur 529–522 f. Kr.), sonur Kyrosar, notfærdi sér svo snilldarlega þá er hann sat um Pelusium, árid 525 f. Kr., og vann borgina: Hann skipadi svo fyrir, ad hver og einn lidsmanna sinna skyldi bera lifandi kött á brjósti sér og nota hann þannig í stadinn fyrir skjöld; hann vissi, ad þeir, sem borgina áttu ad verunda og verja fyrir árásum hans og hermanna hans, mundu fyrri gefast upp, en ad nokkur þeirra þyrdi ad leggja hönd eda vopn á „heilagt dýrid", hvad sem um manninn var, sem þad átti ad verunda á þessa lund, enda gáfust borgarbúar upp er þeir urdu þess varir, ad Kambyses Konungur notadi þetta og þvílíkt herbragd og heilagt vopn gegn þeim. —

Þessi mikli átrúnadur Forn-Egyptanna á heilagleik Kattarinn, hyggja menn ad eigi rót sína ad rækja til þess, ad kötturinn er flestum ödrum dýrum fremri í því, ad hann getur ad eigin vild sinni opnad svo fyrir augasteininum, ad hann sér í myrkri eins vel og í birtu og lokad svo fyrir hann, þegar birtan er of mikil, ad hann þolir skærustu birtu, med ödrum ordum: Hann sér jafnt á nóttu sem degi og fer þad eftir því, hvort honum er bjart eda dimt fyrir augum og einnig eftir því, hvernig á tungli stendur, enda er þetta í samræmi vid þad, sem fornir sagnaritarar hafa haldid fram og um þad sagt, ad Forn-Egyptar tilbádu köttinn, sem táknmynd Isis eda tunglsins. —

Kötturinn fluttist frá Egyptum til Nordurálfunnar og þar vard hann útbreiddur mjög, sem eitt hid begta og nandsynlegasta húsdýr, til varnar hinum illræmda fridarþjófi og skadsemdargripi, rottunnar, eftir ad hún fluttist til

Norðurálfunnar. Það er Kötturinn sem verið hefir og á að verða eina vörnin, sem dugir, gegn rottu-faraldrinum. Eða hver vildi skifta á þessum tveim dýrum, Kettinum og rottunni, ef hann sæi að sér, að þau væri í raun og veru hjúadýr jarðar, sem hundurinn og Kötturinn?

Vísasthvar í siðuðum löndum er Kötturinn meðréttur talinn meðal skyldulið hvers góðs og þrifalegs heimilis. Á heimilinu eða málopt fær hann, þar er hann alinn upp og taminn, því að eðlisfari er hann illlyndur og getur orðið grimmur nær og og viðjárnaður, fari hann á misvið gott uppeldi og mannúðlegan aga heimilisins, en sóar hið meðfædda eðli hans og eiginleglíkar nátfýsnir, að hann gefur sig aldrei undir yfirráð mannanna, þeðar en hvenær sjálfum (eyrnaskyni) þykir við eiga: Hann er að eðlisfari sínrænn, dæmalaus fullur og umfram allt fortryggnæð, en þó vingjarnlegur og tryggur í lund; þakklátur er hann og minnugur góðra, einkum við börn, en þau virðist hann skilja vel og láta á þau sem jafningja sína: Þau séu, eins og hann, hjálparþurfi, veraldar verur og vammáttugar. Kötturinn er klókur og ráðugur. Því er sagt um þá menn, sem sofa með hálfopnum augum, að þeir sofi eins og Kötturinn meðan hús-móðirin sé að skafa stokkinn („At sova som katten när mor skämar"). Þegar á spæli er haldið þarnig, að sólargeislarnir falla á hann inni í herbergi, hjóta glansinn eins og örskot um alla veggi herbergisins og kalla Svíar þá „solkatta" eða sólarkettí og er það vel til fundið og viðeigandi.

Kötturinn lætur engan og ekkert koma nær sér eða koðka sig, þeðar en hann, í þann og þann svipinn, telur sér hólf eða heppilegt fyrir sig. Því meiri álúð og mannyggja, sem honum er sýnd, því meiri undirgefni og einlæga vináttu sýnir hann þeim, sem umgangast hann; sýni menn honum ofmikið á móti lítið eða engu eðlilegar-semi eða láti hann afskiptalausan, lætur hann sig heimilið sig lítið skifta, því hann finnur þar ekkert aðhlynningu eða hlí fyrir sig og fer þá í flakk, einkum á sumrum, út um hagann og niður í verðum þá það sem kallaðer: „Urðar-Köttur".

Tryggð sinni við fæðingarstað sinn hefur hann fyrð í langstu lög, eftir hann ekki einkunnis villist frá heimili sínu og leitar oftast föðurhúsanna aftur að vetrinum til með skyldurækt það, er honum hafði „fæðst á Hólum", í vonum, að fá nú þar framfæri fyrir sig og sína, þegar allar bjargir eru þrotnar og hann á hvergi hæfði sínum að að halla. En hversu mikill aufúsugestur hann fyrð er ordinn, má sjá af því, að fyrð en flestir svo hrædd við hann, að hann er talinn níðingur og allt hans hyski, enda hafði það líkið lört og engu vanizt í útlöndum. Þetta er klutskifti „hrdar Kattarina" svo nefndur! En er það ekki með fyrð eins og sumu börnin, að þeim var létt sinnis og láfinfara á meis við alla nærgætni og samúð, sem ættum, mönnum og dýrum, en svo nauðsynleg og fara fyrð villum vegar í lífinu gjörða efti á stöðunum annað hvort vandræðabörn eða „villikettir"? —

Kötturinn er svo framúrskarandi hreinlegt og þrifalegt dýr, að það er að ordtaki haft, þegar um sérstaklega mikið hreinlæti er að ræða, að það sé „Kattahreinlæti" og ordtakið, þrifnum eins og köttur, „hann er alltaf við-

Allar eru hreyfingar Kattarins svo liðugar og lipurar, að undrum sætir: Hvert stökk hans er ákveðið, allstaðar er varúðar gætt og augum hafð á öllu, hvernig nýstárr lappaþófinn sínum stígur hann létt og liðlega til jarðar, án þess að fyrð nokkurn maðan hæfi eða verði var við að þar sé nokkur lifandi vera á ferð og svo létt fellur hann til jarðar, jafnvel úr mikilli hæð, að fall hans er talið óheyranlegt, enda er „dyn Kattarins" sagður óheyranlegur.

Skapnaður Kattarins sýnir, að hér er um óvenjulega merkilegt dýr að ræða: Kötturinn er létið og snyrtilegt hjón, minsta útgáfan af tígrisdýrinu og er skapnaðið allt í fullu samræmi hvað við annað: Liðlegt er og létið nær stórt, allt er fallegt, ávalt og mjúkt, sem bendir á fróðleiksfýsn og áhugakvæmar hreyfingar hans. Hreyfinga og tilfinninginn er fróðlegra um sjónina eigi síður; aftur á móti er lyktarnemi Kattarins allmikið ábóta vant,

og hafa menn veitt þór eftirtekt, ad hún er hid eina, sem um verdur sagt í edlisfari hans, ad eigi sé í samræmi vid adra hæfileika hans.

Med aldrinum geta kettirnir ordid – eins og vér mennirnir – dutlungafullir og jafnvel gamalærir. Hér er frásögn, alveg ný, sem bendir á þad:

Addá andi katta einn hér í bænum, tók ad sér flækingskettling og ól hann upp vid mikid dálæti; þad var læda, og eignadist hún árlega fjölda „barna", sem eigandi hennar lét öll eda flest lifa, módur sinni til mikillar gledi og ánægju. Ad vísu lét hann þau ekki öll alast upp med henni – en venjulega hafdi hann þó 5 eda 6 „í heimili" af þessari tegund dýra –, heldur kom hann þeim fyrir í ágæta stadi, þarsem velfór um þau. Nú í sídastlidnu voru hafdi kisa, amman eda langamman, eda hvad sem hún nú var, lifad þarna sælulífi hinn mesta um 12 ára skeid og ávalt unad sér hid bezta; en nú bregdur svo vid, ad hún hverfur þadan med öllu, og er hennar leitad í dyrum og dyngjum, en finnst hvergi. Loks spyrst til hennar í húsi einu, alllangt frá heimili hennar – í Elliheimilinu!

Þótt kisa gamla væri sótt þangad hvad eftir annad, sætti hún lagi med ad komast út aftur og nú var hún ordin svo gedill og ergileg, ad hún hvæsti og urradi ad „Krökkunum" sínum og hverjum þeim er nærri henni kom og hljóp sem fætur togudu ad Elliheimilinu aftur. Þar var hún eins og hún átti ad sér ad vera ádur: Róleg og vinaleg vid alla. og gaf sig nú ad engu vid gjálífi heimsins.

Þad er ad vísu óneitanlega einkennilegt vid þetta hátterni kisu gömlu, ad hún finnur upp á því ad „koma sér fyrir" á Elliheimilinu, en þad er eins og hún hafi fundid til þess, ad nú væri hún ordin svo gömul og farlama, ad hún yrdi ad fá sér hvéld frá striti og

stöðfum lífsins, sem hún hafði stadið í um 12 ára skeið og hvad var edli legra en ad hún leitadi athvarfs á Elliheimilinu, þegar svo var komid fyrir hemni? Frásögn þessi, þótt fátíd sé og vitanlega á tilviljun einni byggð, er sett hér til gamans fyrir lesendur Dýravinarins, en hún sýnir, ad dýrin eiga sitt eigid sálarlíf út af fyrir sig, sem eigi er mod öllu óskylt sálarlífi vor mannanna, og því beri oss ad veita því eftirtekt og reyna ad skilja það. Dýrin ern áreidanlega vidkvæm og vitur, tilfinningar þeirra nemar og þau skilja ord vor og athafnir betur en vér gjörum oss grein fyrir, en þau ern ad ýmsu leyti háð takmörkunum fremur en vér, sem þau oft og einatt eiga líf sitt og velferd undir. Hví skyldum vér eigi vilja hjálpa þeim til þess ad njóta lífsins í lékum mæli og vér sjálfir, ad svo mikla leyti sem vér getur vid það rádid? Vér getum það betur en vér gjörum og þurfum ad taka oss fram um það.